

Jóla söngmappa

Klappa



Efnisyfirlit

Ég sá mömmu kyssa jólasvein	3
Jólabæðið	4
Jólasveinar einn og átta	5
Jólasveinar ganga um gólf	5
Göngum við í kringum	6
Adam átti syni sjö / Eva átti dætur sjö	7
Snæfinnur snjókarl	8
Bráðum koma blessuð jólin	10
Gekk ég yfir sjó og land.....	11
Grýla kallar á börnin sín (Spotify)	13
Í skóginum stóð kofi einn.....	13
Jólaklukkan	14
Meiri snjó	15
Skín í rauðar skotthúfur.....	16
Nú er Gunna á nýju skónum.....	17
Skreytum hús með greinum grænum	18
Jólin alls staðar	18
Snjókorn falla	19
Dansaðu vindur.....	20
Á jölunum er gleði og gaman.....	21
Bjart er yfir Betlehem.....	22
Hin fyrstu jól	23
Babbi segir	24
Jólakötturinn (□) (Ragnheiður Gröndal / Ragga Gröndal á Spotify)	25
Jólakötturinn (□) (Björk Guðmunds á Spotify)	28

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

við jólatréð í stofunni í gær.

Ég læddist létt á tá

til að líta gjafir á,

hún hélt ég væri steinsofandi

Stínu dúkku hjá.



Og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinninn út um skeggið hlær.

Já sá hefði hlegið með

hann faðir minn hefð'ann séð

mömmu kyssa jólasvein í gær.

Jólabaðið

Ég er að fara' í sturtu

því það stendur eitthvað til.

Já stundum er svo gott að vera hreinn.

Hangikjötið komið er í heljarstóran pott.

Ég held ég vilji ekki vera' of seinn.

Ég búinn er að taka til og tína' upp ruslið hér um bil

og pakka' inn öllum jólagjöfunum.

Nú er bara' að fara' í föt,

ég finna vil ei á þeim göt

því engan langar jólaköttinn í.

Ég er að fara' í sturtu

því það stendur eitthvað til,

nú stekkur inn á gólfið

jólasveinn: Hó, Hó.



Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta
ofan koma af fjöllunum.

Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta
og fundu' ann Jón á völlumunum.

Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa hann tröllunum
en þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf með gildan
staf í hendi,

móðir þeirra sópar gólf og flengir þá með
vendi.

∴ Upp á stól stendur mín kanna,
nú nóttum fyrir jól þá kem ég til
manna∴



Göngum við í kringum

Göngum við í kringum einiberjarunn,
einiberjarunn, einiberjarunn.

Göngum við í kringum einiberjarunn,
snemma á mánudagsmorgni.



juniper

Svona gerum við er við þvolum okkar þvott,
þvolum okkar þvott, þvolum okkar þvott,
svona gerum við þegar við þvolum okkar þvott,
snemma á mánudagsmorgni.

Snemma á þriðjudagsmorgni: Vindum okkar þvott
Snemma á miðvikudagsmorgni: Hengjum okkar þvott
Snemma á fimmtudagsmorgni: Teygjum okkar þvott
Snemma á föstudagsmorgni: Straujum okkar þvott
Snemma á laugardagsmorgni: Skúrum okkar gólf
Snemma á sunnudagsmorgni: Greiðum okkar hár
Seint á sunnudagsmorgni: Göngum kirkjugólf

Adam átti syni sjö / Eva átti dætur sjö

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring



Eva átti dætur sjö,
sjö dætur átti Eva.
Eva elskaði allar þær
og allar elskuðu Evu.
Hún sáði, hún sáði,
hún klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring.

Snæfinnur snjókarl

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
Gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað, rétt og hratt.
"Snæfinnur snjókarl!
Bara sniðugt ævintýr,"
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.



En galdrar voru geymdir
í gömlu skónum hans:
Er fékk hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.
Já, Snæfinnur snjókarl,
hann var snar að lifna við,
og í leik sér brá
æði léttur þá,
-uns hann leit í sólskinið.

Snæfinnur snjókarl
snéri kolti himins til,
og hann sagði um leið:
"Nú er sólin heið
og ég soðna, hér um bil."
Undir sig tók hann
alveg feiknamikið stökk,
og á kolasóp
inn í krakkahóp
karlinn allt í einu hrökk.
Svo hljóp hann einn,
-var ekki seinn-
og alveg niðr á torg,
og með sæg af börnum söng hann lag
bæði í sveit og höfuðborg.
Já, Snæfinnur snjókarl
allt í snatri þetta vann,
því að yfir skein
árdagssólin hrein
og hún var að bræða hann.

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.



Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Klapplandi, Klapplandi,
Klapplandi.
Ég á heima á Klapplandi,
Klapplandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Stapplandi, Stapplandi,
Stapplandi.
Ég á heima á Stapplandi,
Stapplandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Grátlandi, Grátlandi,
Grátlandi.
Ég á heima á Grátlandi,
Grátlandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Hlælandi, Hlælandi,
Hlælandi.
Ég á heima á Hlælandi,
Hlælandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Hvísllandi, Hvísllandi,
Hvísllandi.
Ég á heima á Hvísllandi,
Hvísllandinu góða.

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Íslandi, Íslandi,
Íslandi.
Ég á heima á Íslandi,
Íslandinu góða.

Grýla kallar á börnin sín (Spotify)

Grýla kallar á börnin sín,
þegar hún fer að sjóða
til jóla:
"Komið þið hingað öll til mín,
(ykkur vil ég bjóða,
Leppur, Skreppur,
Lápur, Skrápur,
Langleggur og Leiðinda-Skjóða,
Völustakkur og Bóla."

Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn,
þá kom lítið héraskinn
sem vildi komast inn:
"Jólasveinn, ég treysti' á þig,
því veiðimaður skýtur mig."
"Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn."

En veiðimaður kofann fann,
jólasveinininn spurði hann:
"Hefur þú séð héraskinn
hlaupa' um hagann þinn?"
"Hér er ekkert héraskott.
Hafa skaltu þig á brott."
Veiðimaður burtu gekk,
og engan héra fékk.

Jólaklukkan

Þótt ei sjái sól
sveipar jarðarból
hug og hjarta manns,
heilög birta um jól.
Mjöllin heið og hrein,
hylur laut og stein,
á labbi má þar löngum sjá
lítinn jólasvein.

Viðlag:

Klukknaheim, klukknaheim,
hljóma fjöll og fell,
klukknaheim, klukknaheim
bera bláskyggð svell.
Stjarnan mín, stjarnan þín
stafar geislum hjarn.
Gaman er að geta um jól
glaðst sem lítið barn.

Meiri snjó

Er lægst er á lofti sólin,
þá loksins koma jólin.
Við fögnum í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakkakórinn,
er kemur jólasnjórinn.
Og æskan fær aldrei nóg,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það er barnanna besta stund,
þegar byrjar að snjóa á grund.
Úti á flötinni fæðist hratt,
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólið,
því bráðum koma jólin.
Þau fagna í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.
Þau fagna í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn í frið og ró, út í frost og snjó,
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,
stafa geislum björtum.
Norðurljósinn loga skær
leika á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér
hýr og glöð í desember
þó að feyki snjó þá í friði og ró
við höldum heilög jólin
heilög blessuð jólin.

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum,
nú eru að koma jól.

Siggi er á síðum buxum,

Solla á bláum kjól.

Solla á bláum kjól

Siggi er á síðum buxum,

Solla á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu

eitthvað að fást við mat.

Indæla steik hún er að færa

upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnar basli

á með flibbann sinn.

"Fljótur, Siggi, finndu snöggvast

flibbahnappinn minn".

Kisu er eitthvað órótt líka,

út fer brokkandi.

Ilmurinn úr eldhúsinu

er svo lokkandi.

Jólatréð í stofu stendur,

stjörnuna glampar á.

Kertin standa á grænum greinum,

gul og rauð og blá.

Skreytum hús með greinum grænum

Skreytum hús með greinum grænum,

fa la la la la la la la.

Gleði ríkja skal í bænum,

fa la la la la la la la.

Tendrum senn á trénu bjarta,

fa la la la la la la la.

Tendrum jól í hverju hjarta

fa la la la la la la la.

Ungir, gamlir - allir syngja:

fa la la la la la la la.

Engar sorgir hugann þyngja,

fa la la la la la la la.

Jólabjöllur blíðar kalla,

fa la la la la la la la.

boða frið um veröld alla.

Jólin alls staðar

Jólin, jólin alls staðar

með jólagleði og gjafirnar.

Börnin stóreyg standa hjá

og stara jólaljósin á.

Jólaklukka boðskap ber

um bjarta framtíð handa þér

og brátt á himni hækkar sól,

við höldum heilög jól.



Snjókorn falla

Snjókorn falla á allt og alla
börnin leika og skemmta sér
nú ert árstíð kærleika og friðar
komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislur
borða saman jólamat
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld
ég ætl' að kyssa þig undir mistilteini í kvöld
við kertaljóssins log.

Plötur hljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bar' ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.

Á jólaball við höldum í kvöld
ég ætl' að kyssa þig undir mistilteini í kvöld
við kertaljóssins log.

Plötur hljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bar' ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.
en hve gaman væri þá,
en hve gaman væri þá.

Dansaðu vindur

Kuldinn, hann kemur um jólin með kolsvarta skugga.

Krakkarnir kúra í skjóli hjá kerti í glugga.

Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.

Vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt.

Núna nístir í snjónum um nóttina svörtu,
nærast á takti og tónum titrandi hjörtu.

∴ Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.

Vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt ∴∴



Á jólunum er gleði og gaman

Á jólunum er gleði og gaman

fúm, fúm, fúm

Þá koma allir krakkar með

í kringum jólatréð.

Þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja og syngja saman

fúm, fúm, fúm!

Og jólasveinn með sekk á baki

fúm, fúm, fúm

Hann gægist inn um gættina

á góðu krakkana.

Þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja og syngja saman

fúm, fúm, fúm!

Á jólunum er gleði og gaman

fúm, fúm, fúm

Þá klingja allar klukkur við

og kalla á gleði og frið.

Þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja og syngja saman

fúm, fúm, fúm!



Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.
Var hún áður vitringum
vegaljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir
fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá
Betlehem
birtan undur skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna,
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarna allra barna.



Hin fyrstu jól

Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg
í dvala sig strætin þagga
í bæn hlýtur svölun brotleg sál
frá brunni himneskra dagga
öll jörðin er sveipuð jólasnjó
og jatan er ungbarnsvagga.

Og stjarna skín gegn um skýjahjúp
með skærum lýsandi bjarma
og inn í fjárhúsið birtan berst
og barnið réttir út arma
en móðirin sælasti svanni heims
hún sefur með bros um hvarma

Og hjarðmaður birtist um húsið allt
ber höfga reykelsisangan
í huga flytur hann himni þökk
og hjalar við reifastrangann
svo gerir hann krossmark, krýpur fram
og kyssir barnið á vangann.

Babbi segir

Babbi segir, babbi segir:

“Bráðum koma dýrleg jól.”

Mamma segir, mamma segir:

“Magga fær þá nýjan kjól.”

Hæ, hæ, ég hlakka til,

hann að fá og gjafirnar.

Bjart ljós og barnaspil,

borða sætu lummurnar.

Jólakötturinn (🎵) (Ragnheiður Gröndal / Ragga Gröndal á Spotify)

Þið kannist við jólaköttinn,
sá köttur var gríðarstór.
Fólk vissi ekki hvaðan hann kom
eða hvert hann fór.
Hann glennti upp glyrnurnar sínar,
glóandi báðar tvær.
Það var ekki heiglum hent
að horfa í þær.

*Kamparnir beittir sem broddar,
upp úr bakinu kryppna há,
og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá.*

Hann veifaði stélinu sterka,
hann stökk og hann klóraði og blés,
og var ýmist uppi í dal
eða úti um nes.

...

Hann sveimaði, soltinn og grimmur,
í sárköldum jólasnæ,
og vakti í hjörtunum hroll
á hverjum bæ.
Ef mjálmað var aumlega úti
var ólukkan samstundis vís.
Allir vissu, að hann veiddi menn
en vildi ekki mýs.

*Hann lagðist á fátæka fólkið,
sem fékk enga nýja spjör*

*fyrir jólin – og baslaði og bjó
við bágust kjör.*

Frá því tók hann ætíð í einu
allan þess jólamat,
og át það svo oftast nær sjálft,
ef hann gat.


...

Því var það að konurnar kepptust
við kamba og vefstól og rokk,
og þrjónuðu litfagran lepp
eða lítinn sokk.

Því kötturinn mátti ekki koma
og krækja í börnin smá.
Þau urðu að fá sína flík
þeim fullorðnu hjá.

*Og er kveikt var á jólakvöldið
og kötturinn gægðist inn,
stóðu börnin bisperrt og rjóð,
með böggulinn sinn.*

Sum höfðu fengið svuntu
og sum höfðu fengið skó,
eða eitthvað, sem þótti þarft,
en það var nóg.



Því kisa mátti engan eta,
sem einhverja flíkina hlaut.
Hún hvæsti því heldur ljót
og hljóp á braut.
Hvort enn er hún til veit ég ekki,
en aum yrði hennar för,
ef allir eignuðust næst
einhverja spjör.

*Þið hafið nú kannski í huga
að hjálpa, ef þörf verður á.
Máske enn finnist einhver börn
sem ekkert fá.*

Máske, að leitin að þeim sem líða
af ljós-skorti heims um ból,
gefi ykkur góðan dag
og gleðileg jól.

Jólakötturinn (🎧) (Björk Guðmunds á Spotify)

Þið kannist við jólaköttinn,
sá köttur var gríðarstór.
Fólk vissi ekki hvaðan hann kom
eða hvert hann fór.
Hann glennti upp glyrnurnar sínar,
glóandi báðar tvær.
Það var ekki heiglum hent
að horfa í þær.

*Kamparnir beittir sem broddar,
upp úr bakinu kryppa há,
og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá.*

Því varð það, að konurnar kepptust
við kamba og vefstól og rokk
Og þrjúnuðu litfagran lepp,
eða lítinn sokk.

...

Því kötturinn mátti ekki koma
og krækja í börnin smá.
Þau urðu að fá sína flík
þeim fullorðnu hjá.
Og er kveikt var á jólakvöldið
og kötturinn gægðist inn,
stóðu börnin bisperrt og rjóð
með böggulinn sinn.

*Hann veifaði stélinu sterka,
hann stökk og hann klóraði og blés,
og var ýmist uppi í dal
eða úti um nes.*

Hann sveimaði, soltin og grimmur,
í sárköldum jólasnæ,
og vakti í hjörtunum hroll
á hverjum bæ.

...

Ef mjálmað var aumlega úti
var ólukkan samstundis vís.
Allir vissu´ að hann veiddi menn
en vildi ekki mýs.
Hann lagðist á fátæka fólkið,
sem fékk enga nýja spjör
fyrir jólin – og baslaði og bjó
við bágust kjör.

*Frá því tók hann ætíð í einu
allan þess jólamat,
og át það svo oftast nær sjálft,
ef hann gat.*

Sum höfðu fengið svuntu
og sum höfðu fengið skó,
eða eitthvað, sem þótti þarft,
– en það var nóg.

...

Því kisa mátti engan eta,
sem einhverja flíkina hlaut. –
Hún hvæsti þá heldur ljót
og hljóp á braut.
Hvort enn er hún til veit ég ekki,
en aum yrði hennar för,
ef allir eignuðust næst
einhverja spjör.

*Þið hafið nú kannski í huga
að hjálpa, ef þörf verður á.*

*Máske enn finnist einhver börn
sem ekkert fá.*

Máske, að leitín að þeim sem líða
af ljós-skorti heims um ból,
gefi ykkur góðan dag
og gleðileg jól.

